

Grein byggð á erindi á málþingi í tilefni af Degi þýðenda undir yfirskriftinni: *Er íslenskan í útrýmingarhættu? Þáttur þýðinga í tungumálinu* í Veröld, húsi Vigdísar 30. september 2017.

Ágúst Einarsson

Íslenskan í hættu. Ekkert spurningarmerki

1. Inngangur

Titill þessa erindis felur í sér fullyrðingu. *Íslenskan í hættu. Ekkert spurningarmerki*. Það væri allt annað ef titillinn væri *Íslenskan í hættu?* Þá væri hefðbundið velt vöngum yfir því hvort íslenskan væri í hættu. Það er hins vegar ekki skoðun mín. Ég tel íslenskuna í hættu og mun rökstyðja það nokkuð og tengja það þróun síðustu ára.

Mjög er á reiki hversu mörg tungumál eru í heiminum en eitt mat er að þau séu um 7.000 talsins. Af þeim eru um 250 tungumál töluð í Evrópu en rúmlega 2.000 í Asíu. Það er talið að um 3.000 tungumál af þessum 7.000 tungumálum séu í hættu og munu hverfa á næstu eitt hundrað árum. Það er þannig alls ekki sjálfgefið að tungumál lifi.

Mállýskur eru einnig fjölmargar, eins og í Afríku og Asíu. Margar þjóðir nota ensku sem samskiptamál en tala að öðru leyti fjölmörg tungumál. Indland er dæmi um slíkt. Íslenskan getur horfið eins og önnur tungumál, ef fólk hættir að mestu að nota það í daglegum samskiptum.

2. Íslenskan í öndvegi áður fyrr

Því hefur oft verið velt upp hver sé skýringin á því að Íslendingar tóku svo miklu ástfóstri við ritlistina fljótlega eftir að þeir kynntust henni. Vafalítið er ein helsta ástæðan sú að hér var skrifað á íslensku en ekki latínu en latínan var bæði hið talaða mál og ritmál menntamanna erlendis og hélt þeirri stöðu sinni fram yfir siðaskiptin í Evrópu á 15. öld og löngu eftir það. Íslenskir menntamenn, eins og Sæmundur fróði Sigfússon og Arngrímur lærði Jónsson, kunnu og rituðu á latínu ef þess þurfti með.

Norðmenn eiga ekki slík verk sem hér voru skrifuð og þar varð ekki þessi áhugi og ekki heldur á öðrum Norðurlöndum að neinu marki. Sagnfræðinni var þó gerð góð skil í Danmörku af Saxo Grammaticus hinum fróða eða málsþaka en hann var

samtíðarmaður Snorra Sturlusonar. Saxo skrifaði á latínu, meðal annars Danmerkursögu sína.

Norrænar þjóðir, ásamt Engilsöxum og Söxum, skráðu nokkuð á þjóðtungum sínum um 1100 fram á 13. öld en mest varðaði það trúarlegt efni og lög og varð ekki eign alþýðu eins og hér. Þar voru konungar og kirkjan mun valdameiri en hérlendis og voru þessi verk í þeirra þágu. Þjóðtungur Dana og Svía urðu einnig fyrir áhrifum frá þýsku og hjá Norðmönnum varð danskan rit- eða bókmálið. Ljóðagerðin hefur einnig ávallt haft mjög sterkar rætur hérlendis og er hluti af þjóðarsálinni. Svo hefur svo verið allt frá landnámi og enn er mikill áhugi á því listformi, eins og sést til dæmis á rapp-tónlistinni nú á tímum. Þetta hjálpaði til að festa íslenskuna í sessi við mjög erfiðar efnahagslegar aðstæður.

Áhuginn á ritun hér á landi smitaði einnig út frá sér. Því fleiri sem skrifuðu sögur, þætti, kvæði og konungasögur því meira kveikti það áhuga annarra og enn fleiri fóru að sinna þessu. Þannig margfaldaðist uppskeran í góðum jarðvegi.

Það er alls ekki óþekkt í listasögunni að óvanalega mikill áhugi á afmörkuðu efni smiti út frá sér þannig að úr verði stórkostleg verk. Halldór Laxness ræðir einmitt um þessa sérstöðu hvað varðar ritun Íslendingasagnanna á tiltölulega skömmum tíma og ber hana saman við skrif hinna miklu rússnesku rithöfunda á 19. öld og tónlistina sem samin var á þýsku málsvæði á 18. og 19. öld. Fleiri dæmi mætti nefna eins og hin fjögur miklu grísku leikskáld sem öll voru uppi á 5. öld f.Kr., hinn mikla leikhúsáhuga í Englandi á tíma Shakespeare og annarra leikritahöfunda á 16. öld, og málarauna miklu, impressionistana, í París á síðari hluta 19. aldar. Þessi dæmi eru öll um stórkostlega listsköpun á stuttum tíma á afmörkuðum svæðum.

3. Rannsóknir um lestur og skilning

Rannsóknir á lestri í Evrópu hafa sýnt að almennt hefur lestur dregist saman. Lestur er þó mjög mismunandi milli landa.

Í rannsókn sem nær yfir 41 ár um lestur og fleira hjá börnum hérlendis kemur margt athyglisvert í ljós, meðal annað að lestur barna hefur minnkað verulega. Börn hafa þó úr mun fleiri afþreyingarmöguleikum að velja en áður. Það er þó ljóst að lestur barna er miklu minni nú en hann var fyrir rúmum 40 árum.

Rannsókn í þrjátíu og fimm löndum gefur sambærilegar niðurstöður fyrir Ísland en tengsl eru milli árangurs í lesskilningi og áhuga á bókalestri. Í löndunum þrjátíu og fimm lásu 21% nemenda aldrei bók sér til ánægju en þetta hlutfall var 23% á

Íslandi. Meiri menntun foreldra leiðir til mun meiri áhuga unglunga á lestri og það undirstrikar mikilvægi heimilanna þegar kemur að því að njóta afurða ritlistar.

PISA rannsóknin er fjölþjóðleg könnun sem gerð er á þriggja ára fresti meðal fimmtán ára nemenda og nú síðast var könnunin í 72 löndum árið 2015 og birt 2016. Í könnuninni er lagt mat á læsi í stærðfræði og náttúrufræði svo og lesskilning. Lesskilningur fjallar meðal annars um getu einstaklinga til að fást við ritaðan texta. Í næst síðustu PISA könnuninni, sem birt var árið 2013, komu íslenskir nemendur ekki vel út, hvorki miðað við fyrri kannanir hérlendis né í samanburði við aðrar þjóðir, sem við berum okkur oft saman við.

Könnunin 2015 kom enn verr úr fyrir Ísland en árið 2012. Íslenskir nemendur eru í náttúruvísindum undir meðaltali OECD. Íslenskir nemendur eru í stærðfræði undir meðaltali OECD. Íslenskir nemendur eru í lesskilningi undir meðaltali OECD.


Staða Íslands er sú lakasta á Norðurlöndum og er staðan hérlendis áberandi verri miðað við önnur Norðurlönd. Staða Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar hefur batnað en versnað á Íslandi undanfarin ár. Finnland er meðal fremstu þjóða í heimi í þessum og öðrum samanburði enda leggja þeir mikla áherslu á menntun og hafa gert lengi.

Niðurstaðan í þessum fjölþjóðlegum könnunum um íslenskuna í samburði við aðrar þjóðir er grafalvarleg. Hins vegar eru allar þessar kannanir aðeins frétt í einn eða tvo daga og svo er þetta gleymt. Það er ekki áhugi á úrbótum á þessu sviði og alls ekki meðal stjórnmalamanna.

Skilningur á vísindum, stærðfræði og lestri er lykillinn að góðum lífskjörum í framtíðinni. Sá sem ræður ekki yfir þeim lykli er dæmdur til fátæktar og reyndar atvinnuleysis í ljósi vaxandi sjálfvirkni. Áhugaleysið á varðveislu tungumálsins og hvað það er sem þar skiptir máli er óskiljanlegt hjá þessari fámennu þjóð sem á þó glæsta sögu með þessu tungumáli.

4. Verðmætasköpun og þýðingar

Hægt er að sýna verðmætasköpun við bókaskrif eins og gert er á mynd 1.



Mynd 1: Verðmætasköpun við bókaskrif

Mynd 1 lýsir verðmætasköpun við það að skrifa bækur á nokkuð óvanalegan hátt. Neðsta súlan, sú bláa, endurspeglar það sem hagtölur mæla venjulega, það er greiðsla fyrir handrit frá útgefendum og öðrum vegna skrifa, þýðinga og sölu bóka. Næsti hluti súlunnar, sá appelsínuguli, svarar til þess verðmætis sem látið er í té af rithöfundum, þýðendum og útgefendum og öðrum sem koma að útgáfu án þess að nokkur greiðsla komi fyrir. Þetta getur verið sá tími sem rithöfundurinn ver í það að skrifa uppkast að bókarkafli sem ekki verður notaður, línur í kvæði sem eru strikaðar út við lokayfirferð skáldsins, þælingar þýðandans við að orða samhengi á íslensku úr frummáli rita eða tími útgefanda sem fer í skoða handrit sem ekki er gefið út.

Þessi kostnaður er oft verulegur því að viðkomandi höfundur, þýðandi eða útgefandi hefði getað varið tíma sínum í annað sem hefði skilað útborguðum launum. Allir sem fást við listsköpun kannast við appelsínugulu súluna, það er vinnustundir við verðmætasköpun sem ekki eru greiddar. Auðvitað er það þannig í atvinnulífinu að ekki fæst greitt fyrir allt sem gert er en það er sérstaklega áberandi í tengslum við listir og vísindi því að þar er undirbúningstíminn langur og margt lagt til hliðar áður en sköpunarverkið tekur á sig endanlega mynd. Þessu er oft lítill gaumur gefinn í almennri umræðu og innan fræðanna.

Þriðja súlan, sú græna, lýsir jákvæðum ytri áhrifum sem bókin hefur í för með sér, eins og auknum afköstum í framleiðslu, til dæmis í tengslum við kennslubækur, frumsamdar eða þýddar, sem til að mynda bæta framleiðsluferla, eða aukinni vellíðan eins og er algengt við lestur á góðum skáldverkum, sem getur haft jákvæð áhrif á aðra en lesandann. Þessi ytri áhrif sem vissulega hafa verðmæti í för með sér falla rithöfundinum, þýðandanum eða útgefandanum ekki endilega í skaut en


Þau koma samfélaginu til góða. Almannavaldið styrkir þess vegna oft rithöfunda, þýðanda og útgefendur við tiltekin verk. Slíkir styrkir eru þó venjulega litlir.

Mynd 1 endurspeglar ekki raunveruleg hlutföll hinna þriggja uppsprettna verðmætasköpunar heldur er skýringarmynd á því hvaðan verðmætin koma, þótt þau renni ekki endilega í vasa þeirra sem sköpuðu þau, gáfu út, þýddu, dreifðu og seldu.

Varðandi fjölda útgefinna bóka hérlendis er áhugavert í upphafi að skoða það mál í tengslum við nágrannalöndin. Löndin í þessum samanburði eru Danmörk, Finnland, Færeyjar, Ísland, Noregur og Svíþjóð.

Ástæðurnar fyrir því að Færeyjar eru með í þessari samantekt eru nokkrar þótt Færeyjar hafi ekki fullt sjálfstæði. Færeyingar eru þjóð sem svipar til Íslendinga og liggja þær tiltölulega nálægt okkur og eru eyþjóð. Einnig er áhugavert að hafa í slíkum samanburði fleiri en eina smáþjóð. Færeyingar, sem eru um 50.000 talsins, eru rúmlega 15% af fjölda Íslendinga. Danir, Finnar og Norðmenn, sem eru um fimm milljónir hver þjóð, eru fimmtán til sautján sinnum fleiri en Íslendingar og Svíar, sem eru rúmlega níu milljónir, eru um þrjátíu sinnum fleiri.


Samanburður Íslands við önnur Norðurlönd og reyndar við fleiri lönd sem byggist á því að leggja fólksfjölda til grundvallar getur því stundum orkað tvímælis þar sem sérhver þjóð þarf að koma sér upp tilteknum innviðum, sem oft aukast ekki í hlutfalli við íbúafjölda. Þess vegna er gott að hafa enn fámennari þjóð en Íslendinga í slíkum samanburði. Mynd 2 sýnir fjölda útgefinna bóka á Norðurlöndunum.



Mynd 2: Fjöldi bóka, samtals, gefinn út á Norðurlöndum á hverja 1.000 íbúa árin 1994, 2002 og 2015

Eins og sést á mynd 2 er mest útgáfa á Íslandi en þó hefur hún minnkað undanfarin ár. Árið 1994 voru gefnar út 5,8 bækur á hverja 1.000 íbúa. Það hlutfall lækkaði í 4,9 bækur árið 2002 og niður í 3,7 bækur árið 2015. Sýnd eru 3 ár í þessum samanburði svo þróunin síðustu 21 árin sést vel. Sú þjóð sem er efst eru Færeyingar en þar hefur bókaútgáfa aukist síðustu ár. Bókaútgáfa á 1.000 íbúa hefur aukist í Danmörku en minnkað í Finnlandi á viðmiðunartímanum. Bókaútgáfa er töluvert minni í Noregi og Svíþjóð. Teiknin fyrir þróunina á Íslandi eru ljós og þau eru ekki góð. Það kom líka í ljós um daginn þegar var upplýst að bóksala og bókaútgáfa hefur hrunið undanfarin ár. Samdráttur í bóksölu frá 2008 til 2016 er 31% og 40% frá 2010.

Langflestar þýðingar á erlendum bókum eru úr ensku, eða rúmlega 60% frá síðustu aldamótum, og það hlutfall hefur aukist. Mynd 3 sýnir hlutfall af þýðingum úr einstökum tungumálum frá 1975 til 2012.



Mynd 3: Þýddar bækur eftir tungumálum 1975–2012

Eins og sést á mynd 3 er langmest þýtt úr ensku en hlutfallið var 45% árið 1975, fór í 58% árið 1991 og árið 2012 var það komið í 64%. Smávægileg breyting var gerð á skráningu upplýsinga árið 1999 en það breytir ekki heildarmyndinni. Þýðingar úr Norðurlandamálunum hafa haldið sér um 20% þessi 35 ár en þýðingar úr öðrum tungumálum, sem voru með 35% hlutdeild árið 1975, eru komnar niður í 17% hlutdeild í lok tímabilsins eins og sést á mynd 3.

Þekktustu og virtustu bókmenntaverðlaun í heimi eru Nóbelsverðlaunin í bókmenntum sem hafa verið veitt af sænsku akademíunni frá árinu 1901. Halldór Laxness hlaut þau árið 1955. Þeim hefur verið úthlutað 109 sinnum til 113 einstaklinga frá árinu 1901 til og með árinu 2016, eða í samtals 116 ár, þó ekki heimstyrjaldaárin. Einstaka sinnum falla verðlaunin fleirum en einum einstaklingi í skaut og því eru handhafarnir 113 talsins, eða aðeins fleiri en úthlutanirnar. Af þessum 113 höfundum, sem hafa fengið Nóbelsverðlaunin, hafa 45 þeirra ekki fengið bók útgefna hérlendis á íslensku, þ.e. rúmlega þriðjungur höfundanna hefur ekki verið þýddur á bók þótt í ýmsum tilvikum hafi verið þýdd einstök verk, eins og ljóð, og þau gefin út með öðrum verkum.

Þrep virðisaukaskatts hérlendis eru þrjú talsins, það er 0%, 11% og 24% en það síðastnefnda er hið almenna virðisaukaskattsþrep. Bækur og annað ritað mál eru í svokölluðu lægra þrepi sem er nú 11%. Hins vegar er margvísleg starfsemi undanþegin virðisaukaskatti og er þannig í 0% þrepi. Þetta er til að mynda sala laxveiðileyfa. Vissulega er hægt að hafa ólíkar skoðanir á því hvort einmitt þessi starfsemi skuli undanþegin virðisaukaskatti en ekki önnur.

Langflest ríki Evrópu beita virðisaukaskattskerfinu til að efla bókaútgáfu og bókalestur í löndum sínum og stendur það Íslendingum nærri að gera slíkt hið sama. Rökrétt væri að feta í fótspor þeirra landa sem leggja ekki virðisaukaskatt á bækur en það væru skýr skilaboð um forgangsroðun í þágu bókarinnar.

Árið 2015 eða fyrir tveimur árum var nokkur umræða um virðisaukaskatt á bækur en þá ákvað þáverandi ríkisstjórn ekki að lækka virðisaukaskatt á bækur heldur hækka hann úr 7% í 11% með vondum afleiðingum.

Árið 2017, í ár, var aftur umræða um virðisaukaskatt vegna minnkandi bóksölu. En þá fréttist að ríkisbanki, Íslandsbanki, væri að bjóða viðskiptavinum í laxveiði. Þið munið ef til vill að ég sagði fyrr frá því að sala á laxveiðileyfum væri undanþegin virðisaukaskatti. Þarna er forgangsroð stjórnáráðamanna í framkvæmd. Virðisaukaskattur hækkaði á bókum en áfram er enginn virðisaukaskattur á laxveiðileyfum. Ríkisbanki, banki almennings, býður í laxveiði á kostnað almennings, á ykkar kostnað, og enginn segir neitt. Frétt í tvo daga og svo heldur allt áfram eins og verið hefur. Almennitur tapaði stórlega á forvera Íslandsbanka, að hluta með sömu stjórnendum og nú stjórna Íslandsbanka, og almennitur þarf að horfa upp á að öll gömlu spillingarúrræði lifa góðu lífi. Enginn hugsar um íslenskuna og enginn gerir neitt.

Ég þekki íslenskt samfélag ágætlega og hef víða starfað, meðal annars í stjórnáráðum. Við búum ekki í stjórnáráðalegu síðuðu landi og við höfum aldrei

gert það. Ég hef hins vegar meiri áhyggjur af því að íslenskan glatist á næstu árum og mér er nóg boðið.

5. Lokaorð og tillögur til úrbóta

Fyrir nokkrum árum setti ég fram innan menningarhagfræði þá tilgátu að smærri ríki væru að verja stærri hlut af opinberum útgjöldum sínum til menningarmála en stærri ríki gera. Þessi tilgáta reyndist rétt og var sönnuð tölfræðilega. Einnig kom í ljós að fátæk smærri ríki verja stærri hlut af opinberu útgjöldum til menningarmála en fátæk stærri ríki gera. Ástæðan fyrir þessu er sú að smærri ríki eru meira meðvituð um menningu sína og eru meira á verði en stærri ríki þar sem styrkleiki samfélagsins er svo mikill að ekki er sérstök ástæða til að óttast um menningu slíkra stærri ríkja.

Dæmi um stór ríki sem þetta gildir um er Þýskaland. Það er mjög algengt að ensk tökuorð séu tekin upp í þýsku en þó dettur engum í hug að þýskan sé í hættu. Reyndar eru Þjóðverjar mjög opnir fyrir þýðingum á bókmenntum úr erlendum tungumálum, og það hefur verið lengi, en þetta á til dæmis ekki við Bandaríkjamenn.

Ég hef ekki áhyggjur af töku- og tækniorðum sem eru notuð í íslensku. Hættan felst í því að börn, unglingar og aðrir nemendur noti ensku í vaxandi mæli. Í háskólum hérlendis hafa einstök námskeið oft verið kennd á ensku, meðal annars fyrir skiptinema. Það hefur ekki gengið neitt sérstaklega vel gagnvart íslenskum nemendum en það hefur þó breyst undanfarin ár. Enskan er orðin hagvanari íslenskum nemendum en var áður. Íslendingar tala almennt ekkert sérstaklega vel ensku, þótt þeir haldi annað. Þetta er að breytast, meðal annars vegna tölvunnar, til dæmis vegna tölvuleikja og mikilla samskipta á engilsaxneskum netsíðum. Það eru ótrúlegar breytingar að eiga sér stað í samfélögum manna um þessar mundir og íslenskan getur auðveldlega orðið fórnarlamb í þeim breytingum.

Varfærið mat mitt á framlagi ritlistar til landsframleiðslu með ritun, þýðingu, prentun, útgáfu, dreifingu og sölu með beinum og óbeinum áhrifum er að það sé um 1,5%. Landsframleiðsla er verðmætasköpun hérlendis á einu ári og stendur undir lífskjörum landsmanna og er að stórum hluta varið í launagreiðslur og neyslu. Landsframleiðslan verður um 2.600 milljarðar kr. á árinu 2017 þannig að 1,5% af því er 39 milljarðar kr. sem telst þá framlag ritlistar, þar með talið þýðinga, til verðmætasköpunar hérlendis. Störf sem tengjast ritlist eru um þrjú þúsund talsins. Framtíð ritlistar er samofin framtíð íslensku þjóðarinnar og brýnt er að gera hana öflugri en nú er.

Á grundvelli rannsókna minna legg ég til eftirfarandi tíu stefnumarkandi aðgerðir til að efla íslenskuna hérlendis:

1. Komið verði upp innan 2ja ára svipuðu kerfi í bókaútgáfu og er við endurgreiðslu ríkisins á hluta af kostnaði (25%) við gerð kvikmynda hérlendis. Í upphafi verði endurgreiddur hluti (25%) af kostnaði við útgáfu á frumsömdum kennslubókum á íslensku og síðan verður þessu kerfi beitt til að styrkja þýðingar á íslensku.
2. Framlög í Bókasafnssjóð, sem stendur undir greiðslum til rithöfunda fyrir útlán á bókum þeirra á almenningubókasöfnum, verði hækkuð verulega að raungildi á næstu 2 árum.
3. Framlög til bókasafna á vegum sveitarfélaga og ríkis verði hækkuð að raungildi á næstu 5 árum.
4. Átak verði gert til að skrá bækur á vefinn bækur.is með sérstöku framlagi til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns á næstu 2 árum.
5. Gerð verði langtímaáætlun til að efla lesskilning ungs fólks hérlendis.
6. Stórauka framlög til að íslenskan lagi sig að nútímatækni og útgáfa hljóðbóka verður aukin.
7. Lög um höfundarétt verði endurskoðuð til að tryggja sem best eðlilegar greiðslur til handhafa höfundaréttar í ljósi tækniþróunarinnar, þar með talið til þýðanda.
8. Tryggt verði verulega meira fjármagn að raungildi til rannsókna á prentarfi Íslendinga á næstu 5 árum.
9. Gert verði sérstakt átak til að efla skólabókasöfn í grunn- og framhaldsskólum í tengslum við átak um lestur og lesskilning.
10. Virðisaukaskattur á bækur, tímarit og blöð verði felldur niður frá ársbyrjun 2018. Þetta á heima í næsta stjórnarsáttmála.

Fyrrgreindar tillögur leiða ekki til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð eða sveitarfélög þar sem aukning á þeirri starfsemi sem hér er tilgreind hefur innan tiltölulega skamms tíma í för með sér aukna verðmætasköpun sem skilar sér í betri lífskjörum og þar með auknum tekjum fyrir opinbera aðila í framtíðinni og hjálpa til að varðveita íslenskuna.

Áhrif íslenskunnar koma ekki síst fram í mikilvægi hennar fyrir menningu þjóðarinnar og sem hluti af menningararfi okkar eru þau gríðarleg. Reyndar er íslenskan forsenda fyrir tilvist Íslendinga sem sjálfstæðrar þjóðar. Ef við glötum íslenskunni, sem margt bendir til að verði, þá hættem við að vera til sem sjálfstæð þjóð. Það er ekki vænleg framtíðarsýn.